

Tillaga að nýrri reglugerð um iðkendagjald Blaksambands Íslands

### **Iðkendagjald.**

Stjórn BLÍ er heimilt að innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félagala blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSÍ eða taka þátt í mótum á vegum BLÍ.

Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ fyrir tvö ár í senn. Gjaldið miðast við fjölda blakiðkenda sem eru skráðir í Felix 15. október ár hvert. Undanþegnir gjaldinu eru þeir iðkendur sem eru í þriðja aldursflokki og yngri.

Iðkendagjaldið skal innheimta í tvennu lagi, 1. nóvember og 1. mars.

Stjórn BLÍ er heimilt að meina þeim félögum sem skulda iðkendagjaldið þátttöku í mótum á vegum BLÍ. Slíka ákvörðun skal tilkynna viðkomandi félagi með a.m.k. viku fyrirvara.

### **Rökstuðningur.**

Í allmörg ár hefur iðkendagjald í hvers konar formi verið til umræðu innan forystu BLÍ. Nú hefur stjórn BLÍ ákveðið að innheimta slíkt gjald líkt og allmörg önnur aðildarfélög ÍSÍ gera.

Framundan eru spennandi tímar hjá blakfólki landsins

A landsliðin í blaki og strandblaki hafa náð mjög góðum árangri, yngri landsliðum fjölga og þau taka þátt í nýjum og fleiri verkefnum.

Til þess að sinna auknum verkefnum í mjög svo vaxandi starfsemi sambandsins þá er orðin nauðsyn að bæta við starfskrafti á skrifstofu BLÍ.

Það má segja að blakstarfið standi á nokkurs konar tímamótum um þessar mundir.

Þegar hefur verið ráðist í mörg metnaðarfull verkefni og þeim verður framhaldið og fjölgað á næstu árum til þess að vinna blakið upp á annað og betra stig.

Þegar tekið er tillit til alls þessa þá telur stjórn BLÍ nauðsynlegt að skjóta styrkari stöðum undir fjárhag BLÍ með innheimtu á iðkendagjaldinu.

Það skal áréttað að til þess að vera gjaldgengur þátttakandi í mótum á vegum BLÍ (Íslandsmót, bikarkeppni, haustmót, strandblakmót, öldungamót og 2. flokks mót) þarf viðkomandi einstaklingur að vera skráður í Felix.

Fyrir næstu tvö ár leggur stjórn BLÍ til að upphæð iðkendagjaldsins verði krónur 2000 fyrir hvern iðkenda en á móti verða þátttökugjöld í deildakeppni ekki hækkuð fyrir komandi keppnistímabil.

### **Stjórn BLÍ**